

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

N1 ehf Hótel Bjarkalundur

4110033370

Til að starfrækja Bensínstöð sjálfvirk

Heimilisfang:
Bjarkarlundur
380 Reykhólar

Nafn rekstraraðilar: Páll Örn Líndal

Kennitala rekstraraðila: 2205674279

Útgáfudagur: 12. september 2019 Gildir til: 12. september 2031

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin þarf auk þessa að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi, einkum IV kafla um afgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum fyrir bensínstöð:

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



Bolungarvík 13.12.2019

N1 ehf Bjarkarlundur
Dalsvegur 10-14
201 Kópavogur

Starfsleyfi fyrir: Bensínstöð án matvæla

Á fundi sínum þann 12. september 2019 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir N1 ehf Hótel Bjarkarlundur fyrir bensínstöð án matvæla Starfsleyfið gildir til 12. september 2031. Í samræmi við gjaldskrá fyrir matvæla- heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 1. mars 2019 nr. 254 er árlegt eftirlitsgjald kr 42.642 miðað við eftirlitsheimsókn árlega.

Starfsleyfisgjald er kr 21.321 Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 og 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi

Skv. 65. gr laga 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála fer skv lögum nr. 130/2011. Kæra til Úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllt

Anton Helgason
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

